

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 21. október 2022
Tilvísun: M22100524 / 00.08.00 Almenn

Efni: Umsögn Ferðamálastofu vegna samantektar á lykilþáttum og áskorunum í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum

Vísað er í tölvupóst sem barst Ferðamálastofu þann 7. okt. sl. þar sem Ferðamálastofu var boðið að senda umsögn um samantekt lykilþátta og áskorana í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum.

Ferðamálastofa telur umsagnarferlið mjög jákvætt og til fyrirmyndar hvernig að því er staðið. Þjóðgarðar og friðlýst svæði hafa mikið aðdráttarafli og eru í mörgum tilfellum helstu áfangastaðir ferðamanna á Íslandi. Þjóðgarðar stuðla að dreifingu ferðamanna um landið og þjóna mikilvægu hlutverki í að fá ferðamenn til að ferðast sem víðast um landið og njóta einstakrar náttúru.

Eftirfarandi eru nokkrar ábendingar og hugleiðingar Ferðamálastofu.

Skipulag og stjórnun

Mikilvægt er að umgjörð, regluverk og verkefnaskipting málaflokksins sé skýr og gegnsæ og að viðeigandi stofnanir starfi með sambærilegum hætti.

Samræma þarf atvinnustefnu og stjórnunar- og verndaráætlun, eins og kostur er en þær móta heildstæða umgjörð þeirrar starfsemi sem fram fer. Mikilvægt er að tryggja ákveðna skilvirkni og að uppbygging friðlýstra svæða sé byggð á sömu sjónarmiðum.

Skoða þarf samkeppnisstöðu þeirra svæða þar sem þjóðgarðar eða friðlýst svæði eru þar sem þau hafa ákveðið forskot þegar kemur að aðsókn, uppbyggingu og kynningu. Þessa stöðu hafa þau fengið með stuðningi ríkisins og á kostnað þess. Því er mikilvægt að huga að jafnræði milli svæða og landshluta.

Skoða þarf betur allar leyfisveitingar. Við veitingu leyfis verður að gæta m.a. að því að atvinnufrelsi manna verði ekki takmarkað með of íþyngjandi skilyrðum. Skilyrði fyrir leyfisveitingu verða að vera gegnsæ og hlutlæg og ekki byggjast á huglægu mati leyfisveitanda. Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt. Leyfisveitingar kalla á leyfisgjöld sem er gjaldtaka sem leggst á ferðaþjónustuna.



Fjármögnun og gjaldtaka

Gjaldtaka þarf að vera skýr og samræmd milli stofnanna ríkisins og hún þarf að byggjast á sanngirni og málefnalegum sjónarmiðum. Horfa verður til aðgengis að svæðunum og þess að hverjum gjaldtakan beinist. Margir ferðapjónustuaðilar bjóða ferðamönnum upp á ferðir um náttúru Íslands og er starfsemi friðlýstra svæða og þjóðgarða því að miklu leyti ferðapjónustutengd. Gjaldtaka myndi þ.a.l. beinast að stórum hluta að einkareknum ferðapjónustufyrirtækjum. Þess vegna verður að gæta að gjaldtökuþoli ferðapjónustunnar og meta heildstætt hversu mikið er hægt að leggja á atvinnugreinina. Gjaldtaka þjóðgarða og friðlýstra svæða geta svo haft margvísleg áhrif á samkeppni og samkeppnisstöðu nálægra fyrirtækja. Einnig þarf að skilgreina hvað felst í veittri þjónustu.

Skoða þarf hvernig gjaldtaka í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum fellur að stefnu um gjaldtöku almennt í ferðapjónustu. Gjaldtaka á einum stað getur haft áhrif á möguleika ferðapjónustufyrirtækja á sama svæði til að rukka fyrir þjónustu. Þá er gjaldtaka fyrir aðstöðu fyrirtækja innan friðlýstra svæða að hafa áhrif á afkomu þeirra þar sem óvíst er að velta megi þessari gjaldtöku alfarið yfir á ferðamenn sem í hlut eiga. Þetta má ekki slíta úr samhengi.

Væntanlega mun á næstu misserum verða í auknum mæli notast við gjaldtöku til álags- og aðgangsstýringar á fjölförnum ferðamannastöðum og þarf sú aðferð og verðlagning sem notast verður við á áfangastöðum í eigu ríkisins að falla að einhverri heildarmynd. Ef og þegar kemur að aðgangsstýringu er mikilvægt að hlutlæg rök liggja fyrir áður en til aðgangsstýringar kemur og að ákvarðanatakan sé í samráði við ferðapjónustuna.

Einnig er mikilvægt að þjóðgarðar og friðlýst svæði hugi að gjaldtökuþoli gesta. Tryggja verður fyrirtækjum sem starfa innan þjóðgarða og friðlýstra svæða svigrúm til að verðleggja sína vöru og þjónustu og að þau nái að þróa sína þjónustu til samræmis við kröfur hvers tíma. Mikilvægt er að ákvarðanir um gjaldtöku séu teknar með góðum fyrirvara og að gegnsæi og málefnalegar ástæður séu ávallt til staðar til að réttlæta gjaldtökuna.

Uppbygging innviða á friðlýstum svæðum – aðkoma nærsamfélagsins

Hagsmunaaðilar eins og aðilar í ferðapjónustu, áfangastaðastofur og landeigendur þurfa að hafa aðkomu að ákvarðanatöku um uppbyggingu á sínu svæði. Hér má nýta vinnu og aðferðafræði við gerð áfangastaðaáætlana sem unnar hafa verið af áfangastaðastofum landshlutana.

Áfangastaðastofur (sjá [hér](#)) eru svæðisbundnar þjónustueiningar á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hafa það meginhlutverk að styðja við ferðapjónustu í sínum landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Áfangastaðaáætlanir eru stefnumótandi áætlanir, gerðar af heimamönnum, opinberum aðilum og ferðapjónustunni, um framtíðaruppbyggingu ferðamannastaða og samræmingu sjónarmiða sem liggja til grundvallar vexti og viðgangi ferðapjónustunnar. Í áætlununum er lögð áhersla á að ná góðri yfirsýn á stöðu mála á hverju svæði og samræma áherslur varðandi stýringu, skipulag og stefnu um þróun ferðamála og uppbyggingu innviða á tilgreindu svæði. Innan áætlanna falla þjóðgarðar og friðlýst svæði en margar af helstu náttúruperlum landsins, sem ferðamenn koma til að skoða, eru innan þeirra. Til að stuðla að sjálfbærri ferðapjónustu og um



leið náttúruvernd þarf að gæta að innbyrðis samræmi milli áfangastaðaáætlana, atvinnustefnu og verndar- og stjórnunaráætlana.

Viðhald náttúrulegra gæða friðlýstra svæða

Aukin aðgangsstýring getur gefið möguleika á nýjum seglum, fjölbreyttara atvinnulífi og meiri hagsæld.

Ástandsmat friðlýstra svæða er tæki til að koma með frekari úrbætur hvernig eigi að þjóna gestum og viðhalda verndargild svæðisins. Möguleiki væri að útfæra það betur og að það taki til allra friðlýstra svæða.

Leggja ætti aukna áherslu á að upplýsingar og fræðsla til ferðamanna verði á stafrænu formi. Á þann hátt má með skilvirkum hætti vekja athygli á og fræða um viðkvæma náttúru, bann við utanvegaakstri og annað sem koma þarf á framfæri. Ef gera ætti upplýsingamiðlun til ferðamanna skil með gestastofum eða öðrum miðlunarleiðum fortíðar þyrfti nokkuð þétt net slíkra staða með gríðarlegum kostnaði auk þess sem opnunartími þeirra staða eru alltaf takmarkaðir. Stafræn miðlun upplýsinga býður upp á mismunandi fjölbreytni og útfærslur og er alltaf aðgengileg, allan sólarhringinn. Fjarskiptakerfi til miðlunar stafrænna upplýsinga um land og þjóð er þétt og aðgengilegt öllum nú til dags.

Almannaréttur

Almannarétt þarf að skilgreina betur og hann þarf að vera skýr hvað varðar þætti eins og hvað má og hvað ekki.

Eins þarf að huga vel að hvaða afleiðingar gjaldtaka getur haft á almannaréttinn þar sem almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Öryggi ferðamanna og starfsmanna

Öryggi ferðamanna á leið um landið er mikilvægt og hefur verið sett í forgang. Unnið er að margvíslegum verkefnum á því sviði á vegum stjórnvalda. Þjóðgarðar hafa einnig unnið vel í þessu. Betur má hins vegar alltaf gera. Skylda er á ferðapjónustufyrirtækjum, innlendum og erlendum, að vera með öryggisáætlanir. Áfangastaðir eins og þjóðgarðar ættu einnig að hafa slíkar áætlanir auk viðbragðsáætlana.

Tryggja þarf að heildstæð þróun öryggismála í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum verði á grundvelli laga og reglusetningar. Mikilvægt er að öll svæði fylgi sama formati við gerð öryggisáætlana, að merking hugtaka og orðskýringa sé samræmd til að tryggja skilvirkni og sameiginlegan skilning.

Ferðamálastofa fagnar þeirri umræðu sem nú á sér stað og er reiðubúin að koma að áframhaldandi vinnu málsins. Stofnunin býr yfir góðri þekkingu og hefur haft aðkomu að ýmsum málum sem komið er inn á í samantektinni sem um ræðir.

F.h. Ferðamálastofu

